

Húnabyggð
Börkur Þór Ottósson
Hnjúkabyggð 33
540 Blönduósi

Garðabær, 4. apríl 2025
202503-0188/A.B.
08.01

Efni: Umsögn - Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2012-2022 vegna nýrra efnistökusvæða

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Húnavatnshrepps er barst 11. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um breytingar á aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2012-2022 vegna nýrra efnistökusvæða.

Í greinargerð kemur fram breytingin felst í því að fimm ný efnistökusvæði verða skilgreind í aðalskipulagi auk þess sem lýsing á einu efnistökusvæði breytist. Ný efnistökusvæði eru Nautabúsnáma (E64), 200.000 m³, gömul náma, Hjalli Syðri-Löngumýri (E65) 200.000 m³, ný náma, Leitisás (E66), 300.000 m³, Ás gegnt Tindum (E66) 350.000 m³, ný náma, Suðurás (E68) 200.000 m³, ný náma. Þá er lýsingu á efnistökusvæðinu Hnúksnáma (E3) breytt og magn skilgreint sem 200.000 m³, en það var áður 45.000 m³.

Verndarsvæði

Að mati Náttúruverndarstofnunar mun efnistakan sem slík hafa óverulega áhrif á verndarsvæði eins og svæði á náttúruminjaskrá og votlendi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Náttúruverndarstofnun telur það jákvætt að það eigi að gæta varúðar við þessi svæði vegna efnistökuar. Náttúruverndarstofnun bendir hins vegar á að við námu E66, geta verið votlendisblettir sem njóta sérstakrar verndar og því mikilvægt að raska þeim ekki. Einnig bendir stofnunin á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýravist og língresis- og vingulsvist sem eru með mjög hátt og hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps.

Náttúruverndarstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna.

Óvissa

Í greinargerð segir að ekki er vitað til þess innan skipulagssvæðanna séu sérstæðar eða fágætar vistgerðir.

Þar sem að sveitarfélagið telur að það sé ekki alveg öruggt að þessar vistgerðir finnist innan marka svæðisins leggur Náttúruverndarstofnun það til að svæðin verði kortlögð og greind með meiri nákvæmni m.t.t. til vistgerða, fuglalífs og friðaðra plantna¹.

Einnig vill stofnunin minna á að í kafla 4 skipulagsreglugerðar segir að ef óvissa er um áhrif á umhverfið, eða mat á áhrifum kallar á frekari rannsóknir og nánari athugun á síðari stigum, svo sem við gerð deiliskipulags og/eða mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, skal gerð grein fyrir því í aðalskipulagstillögunni.

Landslag og ásýnd

Náttúruverndarstofnun tekur undir að áhrif áætlunarinnar á landslag eru veruleg. Stofnunin bendir á svæðin sem eru til umfjöllunar njóta ekki verndar vegna landslags, en á svæðinu eru tvö svæði, utan skipulagssvæðanna, sem eru á náttúruminjaskrá vegna landslag, Vatnsdalshólar og Hvammsskriður í Vatnsdal.

Mikilvægt er að haga efnistöku þannig að hún valdi sem minnstum spjöllum á landi. Síðan þarf að skipuleggja námusvæðið í heild og ákveða tilhögun á efnistöku og frágangi svæðisins. Þegar efnistöku lýkur er nauðsynlegt að ganga þannig frá efnistökusvæði að það falli sem best að umhverfinu.

Efnistaka getur breytt jarðmyndunum og gróðri varanlega. Hún getur einnig verið lýti á landi á meðan á henni stendur. Ef efni hefur verið numið úr jarðmyndunum sem eru sérstæðar eða ef illa er gengið frá efnistökusvæði þegar efnistöku lýkur, verður náman áfram til lýta. Þess vegna er mikilvægt að vanda val á efnistökusvæði og skipuleggja það vel áður en hafist er handa. Þannig má stýra þeirri óhjákvæmilegu röskun sem fylgir efnistöku þannig að sýnileg áhrif efnistökunnar verði sem minnst að frágangi loknum.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er landslag við námur E65, 66 og 68 opið landslag og samsett landslag. Opið landslag er víðátta þar sem land er tiltölulega slétt. Allar breytingar verða mjög sýnilegar og erfitt að forðast sýnilega efnistöku á framkvæmdatíma. Mikilvægt er að laga efnistöku að þeim landformum sem fyrir eru. Ummerki skammtíma efnistöku geta verið mjög lítil. Þar sem landslag er fjölbreytt að lögun, er það flokkað sem samsett landslag. Við slíkar aðstæður getur verið tiltölulega auðvelt að fella efnistökusvæði aftur að nánasta umhverfi.

Að mati Náttúruverndarstofnunar getur efnistaka í skriðum haft mikil sjónræn áhrif og verið til lýta í umhverfinu og því ætti að forðast slíka efnistöku eins og kostur er. Þrátt fyrir að skriður njóti ekki sérstakrar verndar sem jarðminjar samkvæmt lögum um náttúruvernd er almennt óæskilegt að taka efni úr skriðum þar sem efnistaka í þeim er til mikilla lýta í landslagi, jafnvel þegar um litla efnistöku er að ræða.

¹ <https://ust.is/library/sida/Nattura/Pl%C3%B6ntufri%C3%B0un.pdf>

Náttúruverndarstofnun

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sigrún Valgarðsdóttir

sérfræðingur